



320. fundur Afrekssjóðs ÍSí 14. október 2024 kl. 15.30

Mætt, öll á Teams:

Stjórn: Daníel Jakobsson (DJ) formaður, Þórey Edda Elísdóttir (ÞE), Guðrún Inga Sívertsen (GS).

Sigrún Ámundadóttir (SÁ) kom á fundinn kl. 15.43.

Fjarverandi: Stefán Jóhannesson (SJ)

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð,

Vésteinn Hafsteinsson afrekisstjóri af Afrekssviði.

Þórey Edda yfirgaf fundinn kl. 15.45.

1. Umsóknarferli vegna úthlutunar ársins 2025

Upplýst var að umsóknir eru komnar frá 33 sérsamböndum. Ekki búist við fleiri umsóknum.

Fundað var með 19 sérsamböndum vegna umsóknanna.

Á þessum fundum komu fram ýmsar hugmyndir frá sérsamböndunum sem voru ræddar, s.s. svigrúm um færslu kostnaðar á milli flokka til að minnka niðurfellingar, sanngirni á útreikningum viðbótarstyrks vegna 25% reglu o.fl.

Engar ákvarðanir teknar varðandi þessar hugmyndir en málin skoðuð áfram.

Vinna við umsóknirnar gengur vel. KSR verður í sambandi við þau sérsambönd sem þurfa að lagfæra umsóknirnar með einhverjum hætti. Gert er ráð fyrir að drög að úthlutun verði kynnt fyrir stjórn sjóðsins í lok október.

Rætt var hvort birta ætti fulla flokkun sérsambanda. Gert er ráð fyrir að það verði gert.

2. Erindi frá BLÍ vegna flokkunar sérsambandsins

BLÍ sendir rökstuðning fyrir flokkun sérsambandsins. KSR rýnir með Afrekssviði ÍSí og kynnir álit þess fyrir stjórn sjóðsins.

3. Niðurfellingar vegna 2022

Yfirferð uppgjors og ársreikninga allra sérsambanda með tilliti til afrekskostnaðar og sundurliðun afreksþátta vegna ársins 2022 er lokið. Var búið að staðfesta uppgjör hjá öllum sérsamböndum nema einu. Er nú gerð tillaga um eftirfarandi niðurfellingar:

	Úthlutun 2022	Niðurfelling við uppgjör	Viðbót niðurfelling við ársreikning	Alls niðurfellt	Lokaupphæð 2022	Skýring
GSÍ	36.350.000	0	118.500	118.500	36.231.500	V/réttinda dómara (fatnaður dómara)

**Stjórn Afrekssjóðs leggur til að fella niður afreksstyrki að þessu sinni 118.500 kr.
Alls niðurfellingar vegna ársins 2022 verða því 8.236.460 kr.**

4. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 16.12